

Notkunarskilmálar fyrir Volkswagen ID

Útgefið: 23.5.2018 [Download](#)

Velkomin/n til Volkswagen

Kærar þakkir fyrir að velja þjónustu Volkswagen AG. Andlag þessara notkunarskilmála er gerð og notkun á miðlægum notkunarreikningi, Volkswagen ID (hér á eftir nefndur „Volkswagen ID“). Volkswagen AG býður upp á þjónustuna með eftirfarandi notkunarskilmálum:

1. Gildissvið og tilgangur Volkswagen ID

1.1. Volkswagen AG, Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg, skráð í fyrirtækjaskrá héraðsdómstólsins Braunschweig með nr. HRB 100484 („Volkswagen AG“) býður þér upp á Volkswagen ID án endurgjalds. Samningsaðilinn fyrir notkun á Volkswagen ID er Volkswagen AG.

1.2. Með Volkswagen ID getur þú skráð þig inn hjá ýmiss konar þjónustu (t.d. vefsíðum og forritum).

1.3. Það getur verið að frekari notkunarskilmálar gildi um ákveðna þjónustu sem þú getur skráð þig inn með Volkswagen ID. Ef þú notar þjónustu með Volkswagen ID getur þú einfaldlega kynnt þér viðbótarnotkunarskilmálana í gildi í viðkomandi þjónustu.

2. Notkunarheimildir, gagnanotkun

2.1. Þú færð almennt, óframseljanlegt leyfi þér að kostnaðarlausu, sem ekki má veita undirleyfi fyrir, til að nota Volkswagen ID í viðeigandi útgáfu samkvæmt þessum notkunarskilmálum. Það er Volkswagen ID er í stöðugri þróun getur virkni þess breyst í framtíðinni. Það getur bæði verið að aukið verði við virkni og dregið úr henni. Réttur til þess að viðhalda ákveðinni virkni er ekki til staðar. Innskráningarvirknin hættir þó ekki fullkomlega fyrr en eftir fyrri uppsögn (sjá lið 7).

2.2 Volkswagen AG verndar persónuupplýsingarnar þínar og notar þær aðeins ef það er heimilað í lögum eða þú hefur samþykkt notkunina; frekari upplýsingar um það má finna í gagnaverndaryfirlýsingunni. Þú og Volkswagen AG samþykkið að Volkswagen AG eigi rétt, einkum notkunarrétt á öllum öðrum upplýsingum, einkum tæknilegum upplýsingum, sem annaðhvort bera engin persónukenni eða persónukenni þeirra hafa verið fjarlægð (ónafngreinanlegar upplýsingar). Ef svo er ekki raunin veitir notandinn Volkswagen AG almennan, ótímabundinn, ótakmarkaðan að efni og framseljanlegan notkunarrétt, auk heimildar til að veita undirleyfi á upplýsingunum nema þær séu einkaréttarlegs eðlis.

3. Nýskráning á Volkswagen ID

3.1. Fyrir nýskráningu þarftu gilt netfang eða – um leið og sú nýskráningarleið er í boði – valkvætt gilt farsíma númer sem notandanafn og lykilorð, sem þú hefur búið til, ef þess er krafist (hér á eftir nefnd „innskráningarupplýsingar“). Einnig getur þú skráð frekari upplýsingar við nýskráninguna, t. d. heimilisfang, hjá Volkswagen ID. Ef slíkar upplýsingar eru gefnar upp býður það upp á að önnur þjónusta, sem þú notar, noti upplýsingarnar án þess að þú þurfir að færa þær inn að nýju ef þú hefur heimilað notkunina hjá viðkomandi þjónustu í einstökum tilvikum.

3.2. Velja skal lykilorðið fyrir aðgang að Volkswagen ID að utanaðkomandi aðili geti ekki auðveldlega giskað á það. Einkum skal gæta þess að nota ekki fornöfn, eftirnöfn, fæðingardaga

eða nöfn ættingja sem lykilorð. Það sama á við um einfaldar talnasamsetningar (t.d. 12345). Það er á þína ábyrgð á verja aðgangsupplýsingar þínar að Volkswagen ID fyrir óheimilum aðilum. Einkum skal fara mjög leynilega með lykilorðið. Ef þriðja aðila er veittur aðgangur að lykilorðinu verður þú að breyta því tafarlaust eða – ef þú getur ekki skráð þig lengur inn á Volkswagen ID – hafa tafarlaust samband við þjónustuver Volkswagen AG.

3.3. Við notkun á Volkswagen ID er eindregið ráðlagt að þú verjir viðkomandi útstöðvar gegn misnotkun þriðju aðila með öllum ráðstöfunum í boði (t.d. lykilorði að tækinu, grafísku mynstri, o.s. frv.).

3.4. Þú færð allar upplýsingar um notkun á Volkswagen ID eins og virkjun á Volkswagen ID eða endursetningu á lykilorði á uppgefið netfang eða farsímanúmer. Þú átt ávallt kost á því að gefa upp annað gilt netfang eða farsímanúmer sem notandanafn og breyta lykilorðinu þínu í gegnum stillingar Volkswagen ID.

3.5 Til að geta notað Volkswagen ID verður þú að vera að lágmarki 16 ára. Gagnaúrvinnslan fer fram með hliðsjón af hagsmunum Volkswagen AG.

4. Innskráning með Volkswagen ID

4.1. Volkswagen ID er Single-Sign-On lausn, þ.e. þú getur skráð þig inn hjá margvíslegum þjónustum með einu notandaauðkenni svo lengi sem þjónusturnar bjóði upp á innskráningu með Volkswagen ID. Þú þarft þá ekki að nýskrá þig aftur með upplýsingunum þínum og skrá hjá þér aðrar innskráningarupplýsingar eða færa aftur inn persónulegar upplýsingar um þig.

4.2. En þú getur einnig nýskráð þig aftur hvenær sem er og búið til nýtt Volkswagen ID.

5. Umsjón með Volkswagen ID

5.1. Með stillingunum á notandareikningi Volkswagen ID getur þú ávallt skoðað, breytt og eytt uppgefnum upplýsingum.

5.2. Auk þess áttu kost á því að sjá þjónustu sem tengd er við Volkswagen ID og aftengja þær. Ef þú vilt aftengja þjónustu frá Volkswagen ID muntu ekki lengur geta skráð þig inn á þjónustuna með Volkswagen ID. Ef þú vilt þó nota þjónustuna áfram með Volkswagen ID eftir að hafa aftengt hana verður þú að skrá þig inn á ný hjá þjónustunni með Volkswagen ID. Upplýsingarnar eru vistaðar á meðan þær eru til staðar á Volkswagen ID. Gagnaúrvinnslan fer fram með hliðsjón af hagsmunum Volkswagen AG.

Þú átt einnig kost á því að búa til nýtt Volkswagen ID fyrir innskráningu hjá þjónustunni. Athugaðu: Ef Volkswagen ID auðkennið þitt er notað til að uppfylla fyrirliggjandi samningskröfur gagnvart þér (t.d. hjá ókeypis þjónustu) er nauðsynlegt að nýskrá annað Volkswagen ID auðkenni til að nota með þjónustunni til að hægt sé að aftengja þjónustuna.

5.3. Þú getur einnig eytt Volkswagen ID að fullu. Um leið og þú hefur eytt Volkswagen ID auðkenninu þínu getur þú ekki lengur notað það til að skrá þig inn hjá tengdri þjónustu. Ef Volkswagen ID auðkennið þitt er notað til að uppfylla fyrirliggjandi samningskröfur gagnvart þér (t. d. hjá ókeypis þjónustu) er nauðsynlegt að segja upp þjónustunni eða nýskrá annað Volkswagen ID auðkenni til að nota með þjónustunni. Ef þjónustunni er sagt upp er aðeins hægt að eyða Volkswagen ID auðkenninu þegar samningstíma þjónustunnar lýkur (við notkun á mörgum þjónustum fyrst þegar lengsti samningstíminn rennur út).

6. Breytingar á notkunarskilmálunum

Volkswagen AG áskilur sér rétt að breyta notkunarskilmálunum fyrir Volkswagen ID með sanngjörnum hætti og sem munu aðeins gilda í framtíðinni í eftirfarandi tilvikum:

1. Aðlögun notkunarskilmála að aukinni virkni Volkswagen ID. Það á einkum við ef boðið verður upp á fleiri/aðrar innskráningarleiðir/-virkni.
2. Aðlögun notkunarskilmála að takmarkaðri virkni Volkswagen ID.
3. Aðlögun notkunarskilmála að breyttum lagaákvæðum.
4. Aðlögun notkunarskilmála að breyttum fordæmum Hæstaréttar.

Notkun þín á Volkswagen ID er og verður auðvitað ávallt án endurgjalds. Það gildir ekki um notkun á þjónustu sem tengist Volkswagen ID og kann að vera gjaldskyld.

7. Samningslok

Volkswagen AG getur ávallt sagt upp notkunarsamningnum fyrir Volkswagen ID með því að skýra þér frá því (skriflega, í tölvupósti eða SMS) með 6 (sex) vikna uppsagnartíma. Ef Volkswagen ID er skilyrðislaust nauðsynlegt fyrir notkun á tengdri þjónustu að þá tekur uppsögnin fyrst gildi þegar skyldan til að veita þjónustuna fellur úr gildi. Þú getur bundið enda á notkunarsamninginn hvenær sem er með því að eyða Volkswagen ID auðkenninu þínu (sjá lið 5.3).

8. Óleyfileg notkun

Við notkun á Volkswagen ID þarf að fylgja ákveðnum reglum um höfundarrétt, nafnrétt og vörumerkjarétt og öðrum réttindum Volkswagen AG og annarra þriðju aðila. Óheimilt er að nota Volkswagen ID svo brjóti í bága við þessa notkunarskilmála eða ákvæði laga. Misnotað hvorki Volkswagen ID auðkennið þitt né notaðu það með hætti sem hefur áhrif eða gæti haft áhrif á virkni þess (t.d. með hugbúnaði eða skriftum).

9. Efndir og ábyrgð

Volkswagen AG leitast við að bjóða upp á snurðulausa virkni Volkswagen ID og þjónustu sem tengist því. Þó getur Volkswagen AG ekki ábyrgst að Volkswagen ID virki ávallt án tæknilegra vandkvæða.

10. Ábyrgð

10.1. Volkswagen AG ber ekki ábyrgð á tjóni af völdum óviðeigandi notkunar Volkswagen ID.

10.2. Volkswagen AG ber ekki ábyrgð á tjóni ef rekja má það til þess að þú fór ekki eftir notkunarskilmálunum fyrir Volkswagen ID, valdir óviðeigandi lykilorð eða geymdir lykilorð ekki á öruggum stað, eða ef þriðji aðili, sem þú veittir aðgang að Volkswagen ID, varð valdur að tjóninu.

10.3. Volkswagen AG ber skaðabótaábyrgð samkvæmt lögum á tjóni gegn lífi, líkama og heilbrigði sem rekja má til vítaverða brota Volkswagen AG eða fulltrúa þess að lögum á skyldum sínum eða samkvæmt vinnuveitendaábyrgð. Auk þess ber Volkswagen skaðabótaábyrgð vegna ásetnings eða stórfells gáleysis samkvæmt lögum um vöruábyrgð og ábyrgð/tryggingum, sem Volkswagen AG hefur skýrt kveðið á um.

10.4. Volkswagen AG ber aðeins skaðabótaábyrgð ef um er að ræða einfalt gáleysi þegar um gjaldskylda þjónustu er um að ræða og aðeins við brot gegn meiriháttar skuldbindingum, þ.e.

nauðsynlegum skuldbindingum til að uppfylla notkunarsamninginn og sem notandinn má treysta á (svokallaðar samningsskyldur), en upphæð bótafjárhæðar takmarkast við fyrirsjáanlegt, samningsbundið beint tjón. Volkswagen AG ber enga ábyrgð á óbeinu tjóni (þar á meðal tekjumissi).

10.5. Takmarkanir á skaðabótaábyrgð í lið 10 gilda um lögmælt fyrirsvarsmenn og starfsmenn Volkswagen AG.

11. Varnarþing, gildandi lög

11.1. Ef þú ert kaupmaður skal öllum kröfum í tengslum við Volkswagen ID stefnt fyrir varnarþing fyrirtækisins í Wolfsburg, Þýskalandi.

11.2. Ef þú ert neytandi er Volkswagen AG eingöngu heimilt að höfða mál á hendur þér fyrir dómstólum þar sem þú hefur lögheimili eða dvelst að staðaldri; þú getur hins vegar höfðað mál gegn Volkswagen AG fyrir öllum lögbærum dómstólum, að meðtöldum þeim dómstólum þar sem þú hefur lögheimili eða dvelst að staðaldri.

11.3. Aðeins lög Sambandslýðveldisins-Þýskalands skulu gilda um allar deilur vegna eða í tengslum við Volkswagen ID og þessa notkunarskilmála; beiting samnings Sameinuðu þjóðanna um samninga um alþjóðleg vörukaup (CISG) er undanskilin. Ef þú ert neytandi skulu hins vegar gilda lög þess ríkis þar sem þú áttir lögheimili eða dvaldist að staðaldri þegar samningurinn var gerður.

12. Gildi einstakra ákvæða

Ef einstök ákvæði notkunarskilmálanna eru eða verða ógild hefur það ekki áhrif á gildi annarra ákvæða. Í stað ógilda ákvæða ætti að beita þeim reglum, sem koma næst viðskiptalegum tilgangi samningsins að tilhlýðilegu tilliti teknu til hagsmuna beggja samningsaðila.

13. Lausn deilumála

Volkswagen er hvorki reiðubúið til né skylt að taka þátt í gerðardómsmeðferð í deilumálum vegna neytendaviðskipta.